

Þjónustusamningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

[Menntamálaráðuneyti](#), [Alþýðusamband Íslands](#) (ASÍ) og [Samtök atvinnulífsins](#) (SA) undirrituðu í dag þjónustusamning við [Fræðslumiðstöð atvinnulífsins](#) (FA) á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 15. nóvember 2005 til að greiða fyrir samkomulagi um áframhaldandi gildi kjarasamninga. Í fyrrnefndri yfirlýsingu segir m.a. að ríkisstjórnin hafi ákveðið, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins, að beita sér fyrir sérstöku átaki til að efla starfs- og endurmenntun ófaglærðra og einstaklinga, sem litla menntun hafa, jafnframt því að bæta stöðu erlends vinnuafis í íslensku samfélagi. Umsaminn kostnaður vegna þessa nemur 100 m.kr. á árinu 2006 sem er viðbót við 66 m.kr. sem fyrir voru ætlaðar FA á fjárlögum samkvæmt gildandi samningi menntamálaráðuneytis við FA frá 2003.

Efni yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar kveður á um eftirfarandi:

Í fyrsta lagi hefur verið ákveðið að fela FA að útbúa námsefni og þjálfala leiðbeinendur í íslenskukennslu fyrir útlendinga. Með því er leitast við að koma til móts við þarfir útlendinga sem leita fótfestu á íslenskum vinnumarkaði og bæta félagslega stöðu þeirra.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir sérstökum framlögum



Þorgeir Baldursson, varaformaður Samtaka atvinnulífsins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti Alþýðusambands Íslands undirrita þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

úr ríkissjóði til að greiða fyrir námskeiðahald og endurmenntun einstaklinga á vinnumarkaði sem leggja stund á nám sem byggir á námskrám sem FA hefur vottað og menntamálaráðuneyti staðfest. Símenntunarmiðstöðvum, sem starfræktar eru um land allt, verður falið að annast þetta nám.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að framhald verði á samstarfi FA og menntamálaráðuneytis um svokallað mat á raunfærni sem miðar að því að leggja mat á fyrra nám og færni einstaklinga sem vilja bæta við sig menntun.

Í fjórða lagi hefur verið ákveðið að efla náms- og starfsráðgjöf fyrir ófaglærða og þá sem litla menntun hafa. Menntamálaráðuneyti og FA munu láta fara fram athugun á því hvernig þeim stuðningur verði fyrir komið þannig að hann nýtist sem best og fleiri nýti sér þau sí- og endurmenntunartækifæri sem í boði eru. Í þessu skyni verður auknum fjármunum veitt til að standa straum af einstaklingsmiðaðri starfs- og námsráðgjöf á vegum símenntunarsstöðvanna um land allt.

Samkvæmt samningnum munu ASÍ og SA áfram reka FA til að sinna þeim verkefnum sem tilgreind eru í samningnum, auk þess að þjóna sameiginlegum fræðslustofnunum sem starfa á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA, símenntunarmiðstöðvum og öðrum þeim sem sinna símenntun og almannafræðslu.

Ákveðið hefur verið að þeim 100 m.kr. sem varið verður til þessa verkefnis árið 2006 verði skipt þannig að til náms- og starfsráðgjafar fari 30 m.kr., til námsefnisgerðar vegna íslenskukennslu fari 5 m.kr. og fjárveitingar til símenntunarmiðstöðva vegna einingabærs náms nemi 65 m.kr.

Frönsk menningarkynning í Reykjavík vorið 2007

Á fyrri hluta næsta árs munu frönsk stjórnvöld efna til viðamikillar menningarkynningar í Reykjavík. Er það í samræmi við ákvörðun Frakklandsforseta og þáv. forsætisráðherra Íslands frá árinu 2001 um gagnkvæmar menningarkynningar Íslands og Frakklands. Íslenska menningarkynningin fór fram í París í september 2004 og vakti verðskuldaða athygli.

Undirbúningur að frönsku menningarkynningunni árið 2007 hér á landi er hafinn. Samráðsfundur stjórnvalda verður haldinn 2. febrúar n.k. Frönsku menningarstofnuninni AFAA hefur verið falið af hálfu franskra stjórnvalda að gera tillögur um þá viðburði sem boðið verður upp á. Er ætluin að kynningin byrji á Vetrahátíð Reykjavíkur í febrúar og ljúki á Listahátíð í Reykjavík vorið 2007.

Við íslensku menningarkynninguna í Frakklandi var kostnaðarskipting með þeim hætti að frönsku samstarfsstofnanirnar báru kostnað sem til féll þar í landi, þ.á.m. þóknun til listamanna, upphald þeirra og tækimál af ýmsu tagi. Íslensk stjórnvöld greiddu ferðakostnað og flutningskostnað auk kostnaðar sem til féll við undirbúning hér á landi. Þá kostuðu íslensk stjórnvöld gerð vísindakynningarinnar í Palais de la Découvert og tónleika Kammersveitar Reykjavíkur í Mogadorleikhúsinu. Sömu grundvallarreglum við kostnaðarskiptingu milli íslenskra og franskra stjórnvalda verður fylgt við frönsku menningarkynninguna á næsta ári. Kostnaður af

kynningarmálum, samtals 160.000 evrur, skiptist jafnt á milli stjórnvalda í Frakklandi og á Íslandi og verður sami háttur hafður á við frönsku kynninguna á Íslandi á næsta ári en fjárhæð hefur ekki verið ákveðin.

Til að vinna að undirbúningi af hálfu íslenskra stjórnvalda hefur verið ákveðið að setja á lagginnar samráðshóp sem samanstendur af fulltrúum [forsætisráðuneytis](#), [utanríkisráðuneytis](#), [menntamálaráðuneytis](#) og [samgönguráðuneytis](#). Verkstjórn verður á hendi menntamálaráðuneytis sem hefur ákveðið að verkefnaráða Eirík Þorláksson, f.v. forstöðumann [Listasafns Reykjavíkur](#), sem verkefnisstjóra og listrænan ráðgjafa og Sigrúnu L. Guðbjartsdóttur sem kynningarstjóra. Verkefnisstjóri mun í samráði við frönsk og íslensk stjórnvöld móta hina endanlegu dagskrá og annast samskipti við þær stofnanir og listamenn hér á landi sem Frakkar hafa valið sem samstarfsaðila.

Starfshópur um byggingu nýrra framhaldsskóla

[Menntamálaráðherra](#) hefur ákveðið að skipa starfshóp til að yfirfara og meta kosti þá sem til staðar eru varðandi byggingu nýrra framhaldsskóla. Starfshópurinn mun skoða sérstaklega kosti á höfuðborgarsvæðinu og við utanverðan Eyjafjörð.

Starfshópin skipa Aðalsteinn Eiríksson, Jón Þór Ragnar, Þórir Ólafsson og Arnór Guðmundsson. Stefnt er að því að hópurinn skili greinargerð til ráðherra fyrir 1. maí næstkomandi.

Stuðningur við spænsk-íslenska orðabók

Tilkynnt var um stuðning við gerð spænsk-íslenskrar orðabókar við athöfn í [Háskólanum í Reykjavík](#) í síðustu viku. Þar tilkynnti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að verja 15 milljónum króna til verksins. Jafnframt greindi Bentína Björgólfsdóttir fyrir hönd [Minningarsjóðs Margrétar Björgólfsdóttur](#) frá því að sjóðurinn myndi sömuleiðis styrkja gerð orðabókarinnar um 15 milljónum króna. Heildarkostnaður við verkið er ætlaður um 80 milljónum króna en um er að ræða samstarfsverkefni Háskólans í Reykjavík og Eddu-útgáfu. Dr. Margrét Jónsdóttir verður ritstjóri hinnar nýju orðabókar en vinna við ritun hennar hefst í haust.

Áhugi á spænskunámi hefur vaxið verulega á síðustu árum og nýtur spænska sívaxandi vinsælda meðal nemenda jafnt í framhaldsskólum sem háskólum. Hefur fjöldi spænskunema þrefaldast á nokkrum árum. Það hefur hins vegar háð spænskukennslu og -námi á Íslandi að ekki hefur verið gefin út spænsk-íslensk orðabók.

Tilkoma spænsk-íslenskrar orðabókar verður mikill akkur fyrir spænskunám á Íslandi en spænskumælandi lönd heimsins eru 25 talsins. Ljóst er að útgáfa spænsk-íslenskrar orðabókar mun nýtast íslensku skólafólki og einstaklingum og ekki síður stjórnsýslu og viðskiptalífi.

